

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 203/2012

2017/EES/24/18

frá 8. mars 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar ítarlegar reglur um lífrænt vín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífræna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 19. gr. (annarri undirgr. 3. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 38. gr. (a-liður) og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 834/2007, einkum 4. kafla í III. bálki hennar, er mælt fyrir um grunnkröfur að því er varðar lífræna framleiðslu unninna matvæla. Ítarlegar reglur um framkvæmd þessara grunnkröfna voru settar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífræna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit ⁽²⁾.
- 2) Mæla skal fyrir um sértæk ákvæði um framleiðslu á lífrænu víni í reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þessi ákvæði skulu gilda um vörur úr víngeiranum eins og um getur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tiltekna landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ⁽³⁾.
- 3) Vinnsla á lífrænu víni gerir kröfu um notkun á tilteknum vörum og efnum sem aukefnum eða hjálparefnum við vinnslu við vel skilgreindar aðstæður. Í þeim tilgangi, og á grundvelli tilmælanna í rannsókninni „Lífræn vínækt og vínframleiðsla: þróun umhverfis- og neytendavænnar tækni til að auka gæði lífræns víns og lagaramma á vísindalegum grunni“ (e. *Organic viticulture and wine-making: development of environment and consumer friendly technologies for organic wine quality improvement and scientifically based legislative framework*) (einnig þekkt sem „ORWINE“) ⁽⁴⁾ á vettvangi Sambandsins, skal leyfa notkun slíkra vara og efna í samræmi við 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 71, 9.3.2012, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

⁽⁴⁾ <http://www.orwine.org/default.asp?scheda=263>

- 4) Tilteknaðar vörur og efni, sem notuð eru sem aukefni og hjálparefni við vinnslu að því er varðar vínfraðilegar vinnsluaðferðir samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknaðar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfraðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi ⁽⁵⁾, eru fengin úr hráefni úr landbúnaði. Í slíkum tilvikum geta hráefnin verið fáanleg á markaði í lífrænu formi. Til að stuðla að aukinni eftirspurn eftir slíku hráefni á markaðnum skal notkun aukefna og hjálparefna við vinnslu, sem fengin eru úr lífrænt ræktuðu hráefni, hafa forgang.

- 5) Aðferðir og tækni fyrir framleiðslu á víni eru fastsett á vettvangi Sambandsins með reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og framkvæmdarreglum hennar eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 606/2009 og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknaðar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknarnir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða ⁽⁶⁾. Notkun þessara aðferða og tækni við framleiðslu á lífrænu víni kann að vera í ósamræmi við markmiðin og meginreglurnar sem eru fastsett í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og einkum sértæku meginreglurnar sem eiga við um vinnslu lífrænt ræktaðra matvæla, sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Því skal setja sértæk höft og takmarkanir á tilteknaðar vínfraðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu.

- 6) Aðrar tilteknaðar aðferðir, sem eru víða notaðar við matvælavinnslu, er einnig unnt að nota við vínfraðilega framleiðslu og geta þær einnig haft viss áhrif á tiltekin einkenni lífræna varanna og þar með á rétta eiginleika þeirra, en sem stendur er engin tækni aðgengileg sem unnt er að nota í stað þeirra. Þetta á við um hitameðhöndlun, síun, himnusíun og notkun jónaskiptaresíns. Því skulu þessar aðferðir standa lífrænum vínfraðilegum framleiðendum til boða en notkun þeirra skal vera takmörkuð. Endurskoðun að því er varðar hitameðhöndlun, jónaskiptaresín og himnusíun skal því fara fram í tæka tíð.

- 7) Vínfraðilegar vinnsluaðferðir og vinnsla, sem gætu verið misvísandi að því er varðar rétta eiginleika lífræna varanna, skulu útilokuð frá framleiðslu lífræns víns.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60.

Þetta gildir um þykkingu víns með kælingu, fjarlægingu vínanda, fjarlægingu brennisteinsdíoxíðs með eðlisrænni aðferð, rafskiljun og með plúsíónaskiptum þar eð þessar vínfræðilegu vinnsluaðferðir breyta samsetningu vörunnar umtalsvert að því marki að það gæti orðið misvísandi að því er varðar rétta eiginleika lífræna vínsins. Af sömu ástæðu getur notkun eða viðbót tiltekinna efna einnig verið misvísandi að því er varðar rétta eiginleika lífræna vínsins. Því er rétt að mæla fyrir um að ekki skuli nota slík efni eða bæta þeim við í tengslum við lífrænar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og meðhöndlunaraðferðir.

- 8) Einkum að því er varðar súlfít hafa niðurstöðurnar úr ORWINE-rannsókninni sýnt að lífrænum vínframleiðendum innan Sambandsins hefur þegar tekist að lækka gildi brennisteinsdíoxíðs í víni, sem framleitt eru úr lífrænum þrúgum, borið saman við hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs sem leyfilegt er fyrir ólífræn vín. Því þykir rétt að ákvarða hámarksinnihald brennisteins sérstaklega fyrir lífræn vín og skal það vera lægra en leyfilegt gildi í ólífrænum vínnum. Nauðsynlegt magn brennisteinsdíoxíðs veltur á mismunandi flokkum víns og einnig á tilteknum eðliseiginleikum vínsins, einkum sykurrinnihaldi þess, og skal það haft í huga þegar hámarks gildi brennisteinsdíoxíðs í lífrænu víni er ákvarðað. Óvenjuleg veðurskilyrði geta þó skapað erfiðleika á tilteknum vínræktarsvæðum sem gerir það að verkum að nauðsynlegt er að nota viðbótarmagn af súlfítum við framleiðslu á víni til að ná stöðugleika í fullunnu vörunni á viðkomandi ári. Því skal leyfilegt að auka hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs þegar slík skilyrði eru uppfyllt.
- 9) Vín er vara með mikið geymsluþol og hefð fyrir því að sumar vintegundir séu geymdar í nokkur ár í tunnum eða tönkum áður en þær eru settar á markað. Samkvæmt skilyrðum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽¹⁾ og í takmarkaðan tíma, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 889/2008, skal leyfa setningu á slíku víni á markað með því að viðhalda þeim kröfum sem gerðar eru um merkingar samkvæmt þeirri reglugerð, þar til birgðir eru uppunnar.
- 10) Hluti af því víni sem er í geymslu var framleitt með vínframleiðsluferli þar sem reglunum um framleiðslu á lífrænu víni, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, er þegar fylgt. Þegar slíkt er hægt að sanna skal leyfa notkun kennimerkis Bandalagsins fyrir lífræna framleiðslu, eins og um getur í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, sem kallast frá 1. júlí 2010 „kenni-merki ESB fyrir lífræna framleiðslu“, til að stuðla að sanngjörnum samanburði og samkeppni milli lífrænna vína sem eru framleidd fyrir og eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Ef ekki er um slíkt að ræða skal vínið

eingöngu merkt sem „vín framleitt úr lífrænum þrúgum“ án kennimerkis ESB fyrir lífræna framleiðslu, að því tilskildu að vínið sé framleitt í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og reglugerð (EB) nr. 889/2008 áður en henni var breytt með þessari reglugerð.

- 11) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnáskilunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum II. bálks er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorða 1. mgr. 27. gr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar b-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má aðeins nota eftirfarandi efni við vinnslu lífrænna matvæla, að undanskildum vörum í víngeiranum sem ákvæði 3. kafla a skulu gilda um:“

- b) Nýr kafli, 3. kafli a, bætist við:

„3. KAFLI A

Sértækar reglur um vínframleiðslu

29. gr. b

Gildissvið

1. Í þessum kafla mælt fyrir um sértækar reglur um lífræna framleiðslu á vörum í víngeiranum, eins og um getur í l-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 (*).

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 (**), og (EB) nr. 607/2009 (***) skulu gilda ef ekki er skýrt kveðið á um annað í þessum kafla.

29. gr. c

Notkun á tilteknum vörum og efnum

1. Að því er varðar a-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skulu vörur í víngeiranum framleiddar úr lífrænu hráefni.

2. Að því er varðar b-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er aðeins hægt að nota vörur og efni, sem tilgreind eru í VIII. viðauka a við þessa reglugerð, við framleiðslu á vörum í víngeiranum, þ.m.t. vinnsla og vínfræðilegar vinnsluaðferðir, háð skilyrðunum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og reglugerð (EB) nr. 606/2009 og einkum í I. viðauka A við þá reglugerð.

3. Nota skal vörur og efni, sem eru tilgreind í VIII. viðauka a við þessa reglugerð og eru merkt með stjörnu og fengin úr lífrænu hráefni, þegar þau eru fánleg.

(¹) Stjótíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerð (EBE) nr. 2092/91 hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kom reglugerð (EB) nr. 834/2007 frá og með 1. janúar 2009.

29. gr. d

Vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir

1. Með fyrirvara um 29. gr. c og sértæk bönn og takmarkanir, sem kveðið er á um í 2.–5. mgr. þessarar greinar, skal eingöngu leyfa vínfræðilegar vinnsluaðferðir, vinnslu og meðhöndlun, þ.m.t. takmarkanirnar sem kveðið er á um í 120. gr. c og 120. gr. d í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og í 3., 5.–9. og 11.–14. gr. reglugerðar (EB) nr. 606/2009 og viðaukum þeirra, sem notuð er fyrir 1. ágúst 2010.

2. Notkun eftirfarandi vínfræðilegra vinnsluaðferða, vinnslu og meðhöndlunar er bönnuð:

- a) þykking að hluta til með kælingu samkvæmt c-lið í lið B.1 í XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007,
- b) fjarlæging brennisteinsdíoxíðs með eðlisrænum aðferðum skv. 8. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009,
- c) meðhöndlun með rafskiljun til að tryggja stöðgun víns með tilliti til vínsýrumagns skv. 36. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009,
- d) fjarlæging vínanda að hluta til úr víni skv. 40. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009,
- e) meðhöndlun með plúsjónaskiptum til að tryggja stöðgun vínsins með tilliti til vínsýrumagns skv. 43. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009.

3. Notkun eftirfarandi vínfræðilegra vinnsluaðferða, vinnslu og meðhöndlunar er heimil við eftirfarandi skilyrði:

- a) að því er varðar hitameðhöndlun skv. 2. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 skal hitastigið ekki fara yfir 70 °C,
- b) að því er varðar skiljun í skilvindu og síun, með eða án hvarftregs súnarhjálparefnis, skv. 3. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 skal opstærð ekki vera minni en 0,2 µm.

4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða notkun eftirfarandi vínfræðilegra vinnsluaðferða, vinnslu og meðhöndlunar fyrir 1. ágúst 2015 með það fyrir augum að hverfa frá þessum aðferðum í áföngum eða til að takmarka þær enn frekar:

- a) hitameðhöndlun eins og um getur í lið 2 í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009,
- b) notkun jónaskiptaresíns eins og um getur í 20. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009,

- c) himnusíun samkvæmt b-lið í lið B.1 í XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007.

5. Allar breytingar sem innleiddar eru eftir 1. ágúst 2010 að því er varðar vínfræðilegu vinnsluaðferðina, vinnslu og meðhöndlun, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 eða reglugerð (EB) nr. 606/2009, geta einungis átt við um lífræna framleiðslu á víni eftir að þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar framleiðslureglanna, sem kveðið er á um í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eru samþykktar og, ef við á, eftir matsferli skv. 21. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

(**) Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.

(***) Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60.“

- c) Ákvæðum 47. gr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu málsgrein bætist eftirfarandi e-liður við:

„e) notkun brennisteinsdíoxíðs upp að hámarksinnihaldinu, sem er fastsett í samræmi við I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009, ef óvenjuleg veðurfarsskilyrði tiltekens uppskeruárs spilla heilbrigðisstöðu lífrænu þrúganna á tilteknu landfræðilegu svæði vegna alvarlegra árása af völdum baktería eða sveppa sem þvinga vínframleiðandann til að nota meira brennisteinsdíoxíð en undangengin ár til að fá sambærilega fullunna vöru.“

ii. Í stað annarrar málsgreinar komi eftirfarandi:

„Að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds skulu einstakir rekstraraðilar halda til haga skriflegum sönnunargögnum um notkun á framangreindum undanþágum. Aðildarríki skulu tilkynna hvort öðru og framkvæmdastjórninni um undanþágur sem þau hafa veitt samkvæmt c- og e-lið fyrstu málsgreinar.“

- 2) Ákvæðum V. bálks er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 94. gr. bætist eftirfarandi d-liður við:

„d) undanþágur sem aðildarríkin veita skv. c- og e-lið fyrstu málsgreinar 47. gr. innan mánaðar frá samþykki þeirra.“

b) Í stað 10. mgr. a í 95. gr. komi eftirfarandi:

„10a. Að því er varðar vörur í víngeiranum skal umbreytingartímabilið, sem um getur í 8. mgr., renna út 31. júlí 2012.“

Birgðir af víni, sem er framleitt fram til 31. júlí 2012, annaðhvort í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eða reglugerð (EB) nr. 834/2007, má áfram setja á markað þar til birgðir eru uppunar, að uppfylltum eftirfarandi kröfum varðandi merkingar:

- a) nota má kennimerki Bandalagsins fyrir lífræna framleiðslu, eins og um getur í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, sem kallast frá 1. júlí 2010 „kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“, að því tilskildu að vínframleiðsluferlinu í 3. kafla a í II. bálki þessarar reglugerðar sé fylgt,
- b) rekstraraðilar sem nota „kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“ skulu halda skráð sönnunargögn í a.m.k. fimm ár eftir að þeir settu vínið úr lífrænum þrúgum á markað, þ.m.t. um tilheyrandi magn af víni í lítrum, í hverjum vínflokki og á hverju ári,

c) ef sönnunargögnin, sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar, eru ekki aðgengileg er heimilt að merkja slíkt vín sem „vín framleitt úr lífrænum þrúgum“, að því tilskildu að það uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð, að undanskildum þeim sem kveðið er á um í 3. kafla a í II. bálki,

d) vín sem er merkt „vín framleitt úr lífrænum þrúgum“ má ekki merkja með „kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“.

- 3) Nýr VIII. viðauki a bætist við og texti hans kemur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI a

Vörur og efni sem eru heimiluð til notkunar í eða til viðbótar við lífrænar vörur í víngeiranum sem um getur í 29. gr. c

Tegund meðhöndlunar, í samræmi við I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009	Heiti vara eða efna	Sérstök skilyrði og takmarkanir innan þeirra marka og skilyrða sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og reglugerð (EB) nr. 606/2009
Liður 1: Notkun til loftunar eða súrefnismettunar	<ul style="list-style-type: none"> — Loft — Loftkennt súrefni 	
Liður 3: Skiljun í skilvindu og síun	<ul style="list-style-type: none"> — Perlusteinn — Sellulósi — Kísilgúr 	Eingöngu til notkunar sem hvarftregt síunarhjálparefni
Liður 4: Notað til að skapa óvirkar aðstæður og til að meðhöndla vöruna án þess að hún komist í snertingu við loft	<ul style="list-style-type: none"> — Köfnunarefni — Koltvísýringur — Argon 	
Liður 5, 15 og 21: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> — Ger ⁽¹⁾ 	
Liður 6: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> — Díammóníumfosfat — Þíamínhýdróklóríð 	
Liður 7: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> — Brennisteinsdíoxíð — Kalíumbísúlfít eða kalíummetabísúlfít 	<p>a) hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs skal ekki fara yfir 100 milligrömm á lítra í rauðvínnum, eins og um getur í a-lið 1. liðar A-hluta I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009, og magn af sykurleifum skal vera minna en 2 grömm á lítra,</p> <p>b) hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs skal ekki fara yfir 150 milligrömm á lítra í hvítvínnum og rósavínnum, eins og um getur í b-lið 1. liðar A-hluta I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009, og magn af sykurleifum skal vera minna en 2 grömm á lítra,</p> <p>c) að því er varðar alla aðra vínflokka skal hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs, sem notað er í samræmi við I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009 1. ágúst 2010, minnkað um 30 milligrömm á lítra.</p>
Liður 9: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> — Viðarkol til vínfræðilegrar notkunar 	
Liður 10: Botnfelling	<ul style="list-style-type: none"> — Ætt gelatín ^(?) — Plöntuþrótín úr hveiti eða ertum ^(?) — Fiskilím ^(?) — Eggjahvítualbúmín ^(?) — Tannín ^(?) 	
	<ul style="list-style-type: none"> — Kasein — Kalíumkaseinat — Kísildíoxíð — Bentónít — Pektólítísk ensím 	

Tegund meðhöndlunar, í samræmi við I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009	Heiti vara eða efna	Sérstök skilyrði og takmarkanir innan þeirra marka og skilyrða sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og reglugerð (EB) nr. 606/2009
Liður 12: Notkun til sýringar	— Mjólkursýra — L(+)-vínsýra	
Liður 13: Notkun til afsýringar	— L(+)-vínsýra — Kalsíumkarbónat — Hlutlaust kalfumtartrat — Kalíumbíkarbónat	
Liður 14: Viðbót	— Resín úr aleppófurum	
Liður 17: Notkun	— Mjólkursýrugerlar	
Liður 19: Viðbót	— L-askorbínsýra	
Liður 22: Notkun til loftbólunar	— Köfnunarefni	
Liður 23: Viðbót	— Koltvísýringur	
Liður 24: Viðbót til að stöðga vín	— Sítrónusýra	
Liður 25: Viðbót	— Tannín ⁽²⁾	
Liður 27: Viðbót	— Metavínsýra	
Liður 28: Notkun	— Arabískt gúmmí ⁽²⁾	
Liður 30: Notkun	— Kalíumbítartrat	
Liður 31: Notkun	— Kúprísítrat	
Liður 31: Notkun	— Koparsúlfat	Leyft til 31. júlí 2015
Liður 38: Notkun	— Eikarspæinir	
Liður 39: Notkun	— Kalíumalgínat	
Tegund meðhöndlunar í samræmi við b-lið 2. liðar A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009	— Kalsíumsúlfat	Eingöngu fyrir „vino generoso“ eða „vino generoso de licor“

(1) Fyrir einstaka gerstofna: fengið úr lífrænu hráefni, ef fánlegt.

(2) Fengið úr lífrænu hráefni, ef fánlegt.